

Alþingi
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir - Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Akureyri, 22.05.2022

Tilv.2022-04-07-1474

Efni: Umsögn Fiskistofu mál nr. 451

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 7. apríl 2022, þar sem Fiskistofu var sent frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða ofl. (veiðar á bláuggatúnfiski) mál 451 til umsagnar.

Frumvarpið mælir fyrir um heimild aðila sem falla undir 2. másl. 5. gr. laga nr. 116/2006. um stjórn fiskveiða til að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða samkvæmt veiðiheimildum Íslands á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2027. Með frumvarpinu er lagt til að samhljóða bráðabirgðaákvæði verði bætt við eftirfarandi lög:

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Fiskistofa veltir því upp hvort ekki væri rétt að bæta einnig bráðabirgðaákvæði við lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Hvað varðar þau atriði er snúa að starfsemi Fiskistofu telur stofnunin ekki ljóst af lestri frumvarpsins hvort ætlunin sé að veiðarnar lúti íslenskri stjórnsýslu og þá með hvaða hætti, t.d. hvort takmarkanir séu á því hverjir og hversu margir geti leigt skip til veiðanna, hvort gerðar séu kröfu til skipanna með tilliti til búnaðar eða skráningu erlendis, hvort skylt verði að landa aflanum í íslenskri höfn, hvort heimilt verði að vinna afla um borð og hvernig skuli fara með skráningu aflans.

Mögulega mætti útfæra hlutverk Fiskistofu í reglugerð (ef stofnuninni er ætlað sérstakt hlutverk) og í því samhengi er bent á að í frumvarpinu er ekki lagt til að sett verði sérstök reglugerðarheimild.

Verði Fiskistofu falið eitthvert hlutverk sem leiðir af frumvarpinu er nauðsynlegt að stofnuninni veitt svigrúm varðandi gildistöku og fjármagn til að aðlagast nýju verkefni.



FISKISTOFA

TRAUÐ · FRAMSKÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Fiskistofa hefur skilningin á því að mikilvægt sé að Ísland haldi þeim veiðiheimildum sem þeim hefur verið úthlutað í bláuggatúnfiski. Hins vegar bendir stofnunin á að nauðsynlegt er að fara varlega þegar settar eru reglur er varða undantekningar á grundvallarreglum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og að slíkar undanþágur verða að vera skýrar.

Erna Jónsdóttir

F.h. Fiskistofu

Erna Jónsdóttir - FISK

